



NORDATLANTISK GYMNASIEKLASSE NORÐUR-ATLANTSHAFSBEKKURINN NGK



VERLUNARSKÓLI ÍSLANDS



Sem nemandi í Norður-Atlantshafsbeknum (NGK) dvelur þú í Danmörku fyrsta árið og stundar nám í Gribskov Gymnasium í Helsinge. Á öðru ári verður þú á haustönninni í Færeyjum í Miðnám í Kambsdali og á vorönninni í Verzlunarskóla Íslands. Þriðja og síðasta árið verður þú á Grænlandi í GUX, Sisimiut. Bekkjarsystkini þín verða frá Íslandi, Danmörku, Færeyjum og Grænlandi.

Þú greiðir fyrir húsnæði, mat og ferðir.

Ef þú hefur áhuga á að byrja í NGK haustið 2022 þarftu að senda inn umsókn fyrir lok febrúar, á verslo@verslo.is ásamt umsögn um sjálfa/sjálfan þig. **Umsókn skal vera á dönsku.**



Einn bekkur sem samanstendur af nemendum frá Íslandi, Færeyjum, Grænlandi og Danmörku.



Kennslan fer fram í fjórum löndum á þremur árum.



Danskt stúdentspróf (STX) og einstakar upplifanir við Norður-Atlantshafið.



Einstakt nám á náttúrufræðibraut með námsgreinum eins og líftækni, stærðfræði, norðurskautstækni og eðlisfræði.



Kennsla fer fram á dönsku.



Nældu þér í norrænt tengslanet fyrir lífið

Fylgdu straumum Norður-Atlantshafsins - og farðu nýjar leiðir

- Umsóknir þurfa að berast fyrir lok febrúar 2022
- Námið hefst í ágúst 2022
- Fyrir nánari upplýsingar er hægt að senda póst á verslo@verslo.is